



Júní 2021

Viðauki til umræðu í málefnavinnu 44. þings ASÍ

Umbætur á stöðu atvinnuleitenda¹

Ein alvarlegasta samfélagslega afleiðing COVID-19 faraldursins á Íslandi er það fjöldaatvinnuleysi sem skapaðist vegna samdráttar í atvinnulífinu frá því að sóttvarnaðgerðir hófust og gróf um sig eftir því sem þær drógust á langinn. Merki um viðsnúning í atvinnulífi á vormánuðum 2021 gefa tilefni til væntinga um að atvinnuleysi fari nokkuð hratt dvínandi en þó eru horfur á að stig atvinnuleysis verði áfram talsvert hærra en almennt hefur þekkst á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnuleysið hefur aukið ójöfnuð í samfélaginu þar sem atvinnumissir í kjölfar faraldursins hefur komið harðar niður á hópum sem þegar stóðu höllum fæti, einkum tekjulágum og innflytjendum. Til viðbótar við nauðsynlegar skammtímaaðgerðir, s.s. opinberar styrkveitingar til fyrirtækja til ráðningar atvinnuleitenda, framlengingu hlutabótaleiðar og lengingu tekjutengds tímabils atvinnuleysisbóta, er nauðsynlegt að efla þjónustu og ráðgjöf við atvinnuleitendur til framtíðar. Tryggt afkomuöryggi atvinnuleitenda minnkar samfélagslegan skaða vegna atvinnuleysis og er forsenda þess að atvinnuleitendur geti náð fótfestu á ný og styrkt stöðu sína á vinnumarkaði, einkum á tímum langtímaatvinnuleysis. Umbóta er þörf við að tryggja fjölbreyttum hópi atvinnuleitenda viðeigandi stuðning og úrræði.

Heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar hófst á vormánuðum 2021 og á að ljúka í byrjun árs 2022. Það er verkefni verkálýðshreyfingarinnar að þrýsta á að sú vinna skili raunverulegum umbótum á stöðu atvinnuleitenda. Núverandi löggjöf gengur hart að atvinnuleitendum hvað varðar kröfur og skilyrði á hendur þeim og veitir Vinnumálastofnun ríkar heimildir til að beita viðurlögum, s.s. sviptingu bótaréttar, án þess að gagnsæi og réttmæti slíkra ákvarðana sé tryggt. Mannúð og virðing gagnvart atvinnuleitendum á að liggja til grundvallar kerfi sem hefur það að meginmarkmiði að veita stuðning í atvinnuleit, stuðla að ráðningum á forsendum reynslu og færni og veita tækifæri til eflingar færni á meðan á atvinnuleit stendur.

Gul stéttarfélag²

Í tengslum við umræðu um stöðu og hlutverk stéttarféлага er nauðsynlegt að beina sjónum að þeirri ógn sem stafar af starfsemi gulra stéttarféлага á íslenskum vinnumarkaði. Gul stéttarfélag standa

¹ [Sjá Vinnumarkaðsskýrslu ASÍ 2021](#)

² [Sjá ályktun formannafundar ASÍ frá 15. júní 2021](#)

almennt utan heildarsamtaka launafólks og eru undir áhrifum frá eða ganga erinda atvinnurekenda. Þau eru afætur á því réttindaumhverfi sem barátta raunverulegra stéttarféлага skilar í formi samtryggingar og ávinnslu vinnumarkaðstengdra réttinda um leið og þau hafa tilhneigingu til að gera lakari kjarasamninga og grafa undan samtakamætti launafólks.

Á síðustu misserum hefur borið á uppgangi gulra stéttarféлага á íslenskum vinnumarkaði. Ýmist hafa þau félög sótt á hóp erlends verkfólks, eins og í tilviki Kóps stéttarfélags, eða gengið erinda atvinnurekenda í flugrekstri sem leitast við að skapa sér samkeppnisstöðu með því að bjóða kjör undir lágmarkskjörum almennra kjarasamninga og án raunverulegrar aðkomu fulltrúa launafólks að samningum, líkt og í tilviki Play og ÍFF. Starfsemi slíkra féлага hefur rutt sér til rúms víða erlendis og er það stöðugt verkefni verkalýðshreyfingarinnar að vinna gegn slíkri þróun á íslenskum vinnumarkaði.